STJÓRNARTÍÐINDI B 77 - 1999

Nr. 558 1698 21. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Reykjavíkurflugvöllur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytingin varðar:

1. Sett er inn tengibraut með helgunarsvæði, frá Hringbraut að fyrirhugaðri flugstöð innan flugvallarsvæðis í framhaldi af tengibraut sem sýnd er að flugvallarvegi á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016. Við það breytist landnotkun á almennu útivistarsvæði í helgunarsvæði meðfram stofn- og flugbrautum.

2. Bæjarstæði Nauthóls, sem er innan flugvallarsvæðis, færist út fyrir svæðið og við það breytist landnotkun af hluta svæðisins suðaustan flugvallar úr athafnasvæði í útivistarsvæði til sérstakra nota og útivistarsvæði við Nauthólsvík stækkar.

3. Helgunarsvæði suðurenda flugbrautar 02-20 stækkar til suðvesturs og við það flyst stofngöngustígur skv. aðalskipulagi út fyrir öryggissvæði flugbrautar á uppfyllingu í sjó.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 21. ágúst 1999.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Gutenberg